

ÁKVÖRDUN SAMEIGINLEGU EES-NEFNDARINNAR nr. 218/2016

2018/EES/56/03

frá 2. desember 2016

um breytingu á I. viðauka (Heilbrigði dýra og plantna) við EES-samninginn

SAMEIGINLEGA EES-NEFNDIN HEFUR,

með vísan til samningsins um Evrópska efnahagssvæðið, („EES-samningurinn“), einkum 98. gr.,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

- 1) Fella ber inn í EES-samninginn framkvæmdarákvörðun framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2016/1100 frá 5. júlí 2016 um breytingu á viðaukanum við ákvörðun 2007/453/EB að því er varðar stöðu Costa Rica, Þýskalands, Litháen, Namibíu og Spánar ⁽¹⁾ með tilliti til kúariðu.
- 2) Ákvörðun þessi varðar löggjöf um heilbrigði dýra. Ákvæði löggjafar um heilbrigði dýra skulu ekki gilda að því er varðar Liechtenstein meðan ákvæði samnings Evrópubandalagsins og Sambandsríkisins Sviss um verslun með landbúnaðarvörur taka einnig til Liechtenstein, eins og tilgreint er í aðlögunarákvæðum vegna einstakra atvinnugreina í I. viðauka við EES-samninginn. Ákvörðun þessi á því ekki að taka til Liechtenstein.
- 3) I. viðauki við EES-samninginn breytist því í samræmi við það.

TEKIÐ EFTIRFARANDI ÁKVÖRDUN:

1. gr.

Eftirfarandi undirliður bætist við í 49. lið (ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar 2007/453/EB) í hluta 7.2 í I. kafla I. viðauka við EES-samninginn:

„– **32016 D 1100**: Framkvæmdarákvörðun framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2016/1100 frá 5. júlí 2016 (Stjútíð. ESB L 182, 7.7.2016, bls. 47).“

2. gr.

Íslenskur og norskur texti framkvæmdarákvörðunar (ESB) 2016/1100, sem verður birtur í EES-viðbæti við *Stjórnartíðindi Evrópusambandsins*, telst fullgiltur.

3. gr.

Ákvörðun þessi öðlast gildi 3. desember 2016, að því tilskildu að allar tilkynningar samkvæmt 1. mgr. 103. gr. EES-samningsins hafi farið fram (*).

(¹) Stjútíð. ESB L 182, 7.7.2016, bls. 47.

(*) Engin stjórnskipuleg skilyrði gefin til kynna.

4. gr.

Ákvörðun þessi skal birt í EES-deild *Stjórnartíðinda Evrópusambandsins* og EES-viðbæti við þau.

Gjört í Brussel 2. desember 2016.

Fyrir hönd sameiginlegu EES-nefndarinnar

Bergdís Ellertsdóttir

formaður.